

Pingskjal 1103 — 675. mál. Um breytingar á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum (sjálfstætt reknir grunnskólar, breytt valdmörk ráðuneyta, tómstundastarf og frístundaheimili).

Athugasemdir frá Margréti Pálu Ólafsdóttur f.h. Hjallastefnunnar

18. maí 2016

Á heildina litið er frumvarpið fagnaðarefni þar sem margt er gert skýrara sem varðar sjálfstæða skóla. Gerðar eru athugasemdir við tvær greinar.

Athugasemd við c. (43. gr. b.) Fjárframlög úr sveitarsjóði.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir óbreyttu ákvæði um fjárframlag úr sveitarsjóði til sjálfstætt rekinna skóla: "Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda." Það hefur áður verið á það bent en er ítrekað nú að æskilegra væri að miða við 90% af vegnu meðaltali. Sjálfstætt starfandi skólar eru oftast litlir og þar með dýrari í rekstri en stórir grunnskólar sem vega þungt í þessu meðaltali. Ef framlagið yrði 90% yrði rekstrargrundvöllur skólanna traustari og þörf þeirra til innheimtu skólagjalda myndi minnka verulega. Skólagjöld yrðu einnig síður sá ásteitingarsteinn sem oft dregur athyglina frá öðrum meginástæðum fyrir rekstri sjálfstæðra skóla s.s. vilja til skólaþróunar með óhefðbundnum áherslum í kennsluháttum.

e. (43. gr. d.) Almennar kröfur til skólahalds í sjálfstætt reknum grunnskóla.

Í þessum kafla segir eftirfarandi um kennsluhætti: "Starfsemi grunnskólans, þ.m.t. skipulag og kennsluhættir, skal vera í fullu samræmi við ákvæði laga þessara, reglna sem settar eru á grundvelli þeirra og í samræmi við aðalnámskrá, nema undantekning sé gerð með lögum eða á grundvelli heimildar í lögum."

Það er okkar mat að of sterkt sé að orði kveðið þegar segir að sjálfstæður skóli skuli

að fullu fylgja öllum reglugerðum þ.m.t. aðalnámskrá sem m.a. stýrir starfi með viðmiðunarstundaskrá o.fl. Svigrúm til nýbreytni og þróunar kennsluhátta gæti þar með orðið of lítið.

Þessu tengt er ákvæði í frumvarpinu í g. (43. gr. f.) þar sem segir að ráðherra skuli setja reglugerð er kveði nánar á um m.a. "heimild um undanþágu frá ákvæðum laga og aðalnámskrár ef skólinn starfar samkvæmt viðurkenndri erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan". Vönduð heildstæð íslensk námskrá ætti að okkar mati að skipa sama sess og viðurkenndar erlendar að því gefnu að námskráin væri staðfest af menntamálayfirvöldum.

Hér með er lagt til að þessi tvö ákvæði verði tengd saman; heimild um undanþágu frá því að fylgja að fullu reglugerðum og Aðalnámskrá grunnskóla skuli einnig ná til sjálfstæðra skóla sem starfa samkvæmt viðurkenndri íslenskri námskrá og námsskipan sem menntamálaráðherra hefur staðfest. Þar með gæfist sjálfstæðum skólum æskilegt svigrúm til nýbreytni og þróunar kennsluhátta og til að þróa námskrár með sérstökum áherslum (d. profilskoler), til dæmis á náttúrufræði, tónlist eða uppeldistefnu s.s. Hjallastefnuna, án þess að þurfa að sækja um sérstakt þróunarskólaleyfi hverju sinni sem heimild er til í 44. gr.

Samantekið þá er lagt til að greinarnar tvær breytist svo:

e. (43. gr. d.) um almennar kröfur verði þannig: "Starfsemi grunnskólans, þ.m.t. skipulag og kennsluhættir, skal vera í samræmi við ákvæði laga þessara, reglna sem settar eru á grundvelli þeirra og í samræmi við aðalnámskrá, nema undantekning sé gerð með lögum eða á grundvelli heimildar í lögum."

g. (43. gr. f.) þar sem segir að ráðherra skuli setja reglugerð er kveði nánar á um undanþágur verði þannig: "heimild um undanþágu frá ákvæðum laga og aðalnámskrár ef skólinn starfar samkvæmt viðurkenndri erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan, eða samkvæmt íslenskri námskrá með sérstakri áherslu sem menntamálaráðherra hefur staðfest."

Með bestu kveðju, Margrét Pála Ólafsdóttir